

Fjármál

Starfi AA-samtakanna hefur ætíð fylgt kostnaður og má þar nefna t.d. að kaupa kaffi, borga húsaleigu eða standa undir rekstri AA-skrifstofunnar. Undir þessum kostnaði hefur verið staðið með samskotum til þess að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði deilda og samtakanna í heild sinni.

Peningar skipta máli

Peningar sem safnast í pottinn á fundum eru notaðir til reksturs viðkomandi deildar. Peninga sem umfram eru nýtast til þess að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna, samanber:

„Til þess að styðja nauðsynlega þjónustu samtakanna, leggur landsþjónusturáðstefnan til að upplýst samviska einstakra deilda setji upp greiðsluáætlun sem hentar viðkomandi deild. Eftir að borgað hefur verið fyrir rekstur deildarinnar og komið hefur verið upp varasjóði til að mæta óvæntum kostnaði (sjá nánar um varasjóð hér að neðan) getur deildin flutt boðskapinn frekar með því að senda peninga til þjónustueininga AA-samtakanna.” (Self-Support: Where Money and Spirituality Mix, bls 7)

Þjónustueiningar AA-samtakanna á Íslandi eru tvær. Mikilvægt er að styðja Landsþjónustunefnd, sem sér um rekstur AA-skrifstofunnar og útgáfu AA-tengds efnis í gegnum útgáfunefnd. Einnig er unnt að greiða inn á reikning hverfis- eða svæðisnefnda, sem er svæðisbundinn samstarfsvettvangur AA deilda. Margar deildir láta einnig fé rakna til samstarfsnefnda þar sem þær eru starfandi. Reynst hefur vel að deildir geri upp fjárhaginn í lok hvers mánaðar og skipta tekjum umfram rekstur á ofangreinda aðila, t.d. 80% til landsþjónustunefndar, 10% til hverfisnefndar og 10% til samstarfsnefndar. (Staðbundnar samstarfsnefndir eru 5 í dag og er Samstarfsnefnd AA-deilda á stór-Reykjavíkursvæðinu (SAAS) þeirra stærst, sjá <http://www.saas.is>.)

Eins og Bill W. orðaði það árið 1957:

„Andlegri lífstefnu okkar er haldið til haga fyrir komandi kynslóðir er við, sem samtök, stöndumst þá freistingu að taka við peningum að utan. En þetta leggur okkur skyldur á herðar. Skyldur sem hver félagi ætti að skilja. Við megum ekki vera nísk þegar gjaldkeri deildarinnar lætur pottinn ganga. AA-deildir, þjónustunefndir, og AA-samtökin í heild sinni munu ekki starfa nema þjónustan sé fullnægjandi og reikningar greiddir. Þegar við stöndumst þá freistingu að taka við stórum gjöfum erum við aðeins að sýna skynsemi. En þegar við erum örlát við pottinn erum við að lýsa á táknrænan hátt þakklæti okkar fyrir það sem okkur hefur verið gefið og gefum til kynna vilja til að deila því sem okkur hefur hlotnast með þeim sem enn þjást.” (Self-Support, bls 5)

Hvað er hæfilegur varasjóður?

Æskilegt er að hver AA-deild, hverfis- eða svæðisnefnd eigi ekki meira fjármagn en því sem nemur þriggja mánaða rekstri, einnig að landsþjónustunefnd eigi ekki meira fjármagn en því sem nemur 1 árs rekstri skrifstofunnar. Vísað er til 4. erfðavenjunnar um að deildir/nefndir séu sjálfráða og geta því sett sér starfsreglur um fjármál sjálfar.

(tekið beint úr þjónustuhandbókinni, kafli 4)